

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Ólöf Sunna Jónsdóttir <olof.sunna.jonsdottir@irn.is>  
**Sent:** fimmtudagur, 23. maí 2024 13:02  
**To:** Hulda Kristjánsdóttir  
**Subject:** Samþykktir - staðfesting  
**Attachments:** Samþykktir um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps.pdf


Tilvísun í mál: IRN24030006

Ráðuneytið hefur staðfest samþykkt um stjórn og fundarsköp Flóahrepps, sem hefur verið send til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda og er áætlaður birtingartími 10 virkir dagar.



Meðfylgjandi er lokaeyntak samþykktarinnar sem eingöngu er sent rafrænt.

Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Kveðja,



**Ólöf Sunna Jónsdóttir, lögfræðingur**  
Innviðaráðuneyti / Ministry of Infrastructure  
Sölvhólsögötu 7, 101 Reykjavík, Iceland  
Sími / Tel: (+354) 545 8200  
<http://www.irn.is> - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

SAMÞYKKT  
um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps.

I. KAFLI

Um skipan sveitarstjórnar, sjálfstjórn hennar og verkefni sveitarfélagsins.

1. gr.

*Skipan sveitarstjórnar.*

Sveitarstjórn sveitarfélagsins Flóahrepps er skipuð 5 fulltrúum, sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt kosningalögum.

2. gr.

*Sjálfstætt stjórnvald.*

Sveitarfélagið Flóahreppur er sjálfstætt stjórnvald, sem er stjórnað af lýðræðislega kjörinni sveitarstjórn í umboði íbúa sveitarfélagsins.

3. gr.

*Verkefni sveitarfélags.*

Sveitarfélagið Flóahreppur annast þau lögmæltu verkefni sem því eru falin í lögum, sbr. og leiðbeinandi auglýsingu frá ráðuneyti sveitarstjórnarmála.

Sveitarfélagið Flóahreppur vinnur að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Sveitarfélaginu Flóahreppi er heimilt að taka að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þess, enda sé það ekki falið öðrum að lögum.

II. KAFLI

Um sveitarstjórn.

4. gr.

*Hlutverk sveitarstjórnar.*

Sveitarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. síðari breytingar, annarra laga og samþykkt þessari.

Sveitarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur og ráðstöfun eigna og um framkvæmd verkefna sveitarfélagsins.

5. gr.

*Verkefni sveitarstjórnar.*

Meðal verkefna sveitarstjórnar er:

- Að sjá um að lögbundnar skyldur séu ræktar og hafa eftirlit með því að fylgt sé viðeigandi reglum í störfum sveitarfélagsins.
- Að kjósa oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga, nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla sveitarstjórnarlaga, að ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem annast skal endurskoðun hjá sveitarfélaginu, sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga.
- Að setja sveitarstjórn siðareglur, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.
- Að ákveða stjórnskipan sveitarfélagsins, ráða sveitarstjóra, sbr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga og aðra starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður sveitarfélagsins, sbr. 56. gr. laganna.
- Að móta stefnu fyrir starfsemi sveitarfélagsins, deilda og stofnana, setja starfsemi sveitarfélagsins reglur, setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
- Að fara með fjárstjórnarvald sveitarfélagsins, sbr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga og gera fjárhagsáætlanir, sbr. 62. gr. sömu laga.
- Að bera ábyrgð á fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja, sbr. 77. gr. sveitarstjórnarlaga og VIII. kafla samþykktar þessarar og taka ákvarðanir um verulegar skuldbindingar sveitarfélagsins til lengri tíma.
- Að samþykkja og hafa eftirlit með framkvæmd samstarfsverkefna og þjónustusamninga sbr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga.

9. Að veita íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess upplýsingar um málefni sem snerta hagi þeirra og um samstarf sem sveitarfélagið hefur við önnur sveitarfélög, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga.
10. Að setja sveitarfélaginu málstefnu, skv. 130. gr. sveitarstjórnarlaga.

6. gr.

*Ný sveitarstjórn tekur til starfa.*

Nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag. Jafnlengi heldur fráfarandi sveitarstjórn umboði sínu, með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum um kosningar til sveitarstjórna. Nýkjörin sveitarstjórn hefur einungis umboð til töku ákvarðana um málefni sveitarstjórnarinnar eða sveitarfélagsins eftir að hún tekur við störfum.

Sá fulltrúi í nýkjörinni sveitarstjórn sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórn boðar til fyrsta fundar ekki síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar. Hann stýrir fundi þar til oddviti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar setið jafnlengi í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein.

Fyrsta fund skal boða með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara.

7. gr.

*Kjör oddvita og varaoddvita.*

Á fyrsta fundi kýs sveitarstjórn oddvita og einn varaoddvita. Skal kjörtímabil þeirra vera hið sama og sveitarstjórnar.

Njóti oddviti eða varaoddviti ekki lengur stuðnings sveitarstjórnar skal kjósa í þau embætti að nýju. Hið sama á við ef oddviti eða varaoddviti forfallast varanlega eða fær lausn frá starfi. Tilkynna skal kosningu oddvita og varaoddvita til ráðuneytis sveitarstjórnarmála þegar að því loknu.

Sá telst rétt kjörinn oddviti sem fær atkvæði meiri hluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórn. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju. Við aðra umferð telst sá rétt kjörinn sem fær meiri hluta atkvæða þeirra fulltrúa sem sitja fundinn eða ef viðkomandi er sá eini sem fær atkvæði. Fáist ekki niðurstaða við aðra umferð skal kosið þriðja sinni en þá á milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu við aðra umferð. Ef nauðsynlegt reynist skal varpa hlutkesti um það milli hverra tveggja verður kosið. Verður þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Þegar að lokinni kosningu oddvita skjal kjósa varaoddvita. Kosning varaoddvita fer fram með sama hætti og oddvita.

### III. KAFLI

#### Fundir sveitarstjórnar og fundarsköp.

8. gr.

*Fundir sveitarstjórnar.*

Sveitarstjórn Flóahrepps heldur reglulega fundi sveitarstjórnar í Þingborg, fyrsta og þriðja þriðjudag hvers mánaðar og skal sveitarstjórn bóka tímasetningu næsta fundar í fundargerð næsta fundi sveitarstjórnar á undan.

Sveitarstjórnarfundi er heimilt að halda með rafrænum hætti þannig að hluti sveitarstjórnarfulltrúa eða allir taki þátt með rafrænum hætti. Fundir sveitarstjórnar eru sendir út í beinu streymi.

Aukafundi skal halda þegar oddviti eða sveitarstjóri telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur sveitarstjórnarfulltrúa óskar þess.

Sveitarstjórn Flóahrepps er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi sveitarstjórnar á undan.

Sveitarstjórn Flóahrepps er heimilt að fella niður reglulega fundi sveitarstjórnar vegna sumarleyfis.

9. gr.

*Boðun sveitarstjórnarfunda.*

Sveitarstjóri boðar fundi í samráði við oddvita.

Fundarboð skal berast sveitarstjórnarmönnum ekki síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Aukafund skal boða ekki síðar en tveimur virkum dögum eftir að ósk þar um barst þeim er boða skal fund. Fundarboð vegna aukafundar skal berast sveitarstjórnarmönnum svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en sólarhring fyrir fund. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem eru nauðsynleg til að sveitarstjórnarmenn geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind.

10. gr.

*Dagskrá sveitarstjórnarfundar.*

Sveitarstjóri semur dagskrá sveitarstjórnarfundar í samráði við oddvita og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar oddvita sveitarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarstjórnar, svo og ráðningu framkvæmdastjóra og helstu stjórnendur sveitarfélagsins og endurskoðenda þess.
2. Fundargerðir byggðarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins.
3. Ályktanir og tillögur sem fram koma í fundargerðum, sbr. 2. tölul. hér að framan og þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar, skal tilgreina sérstaklega í dagskrá.
4. Önnur mál sem falla undir verksvið sveitarstjórnar og sveitarstjóri eða oddviti ákveða að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá.

Sveitarstjórnarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal tilkynna það framkvæmdastjóra skriflega í tæka tíð til þess að unnt sé að taka það á dagskrá.

11. gr.

*Tilkynning til íbúa um fundi sveitarstjórnar.*

Í upphafi kjörtímabils sveitarstjórnar tekur sveitarstjórn ákvörðun um hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir eru haldnir, sbr. 8. gr. samþykktar þessarar, og skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti.

Íbúum sveitarfélagsins skal kynnt með opinberri auglýsingu eða með auglýsingu á vefsíðu sveitarfélagsins um fyrirhugaða fundi sveitarstjórnar ásamt dagskrá, innan sama tímafrests og við á um sveitarstjórnarmenn, enda standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi.

12. gr.

*Opnir fundir sveitarstjórnar.*

Fundir sveitarstjórnar eru opnir og sendir út í beinu streymi, en heimilt er að ákveða að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls. Oddviti eða sveitarstjórn getur jafnframt ákveðið að ræða fyrir luktum dyrum tillögu um lokun fundar.

Þrátt fyrir að fundi sé lokað er heimilt að ákveða að tilteknir starfsmenn sveitarfélags séu viðstaddir.

13. gr.

*Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla.*

Sveitarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur sveitarstjórnarmanna sé viðstaddur á fundi.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

14. gr.

*Þátttaka í fundi með rafrænum hætti.*

Sveitarstjórnarmönnum og nefndarmönnum í nefndum og ráðum á vegum sveitarfélagsins er heimilt að taka þátt í fundi með rafrænum hætti, séu þeir staddir í Flóahreppi eða í erindagjörðum innanlands á vegum sveitarfélagsins. Að öðrum kosti skal varamaður boðaður á viðkomandi fund. Fer um framkvæmd slíkra funda skv. leiðbeiningum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

15. gr.

*Tvær umræður í sveitarstjórn.*

Sveitarstjórn skal hafa tvær umræður, með a.m.k. einnar viku millibili um:

1. Samþykktir og aðrar reglur sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra.
2. Staðfestingu ársreiknings.
3. Stefnumarkandi áætlanir sem gilda eiga til lengri tíma og taka til sveitarfélags í heild eða meiri hluta þess.
4. Tillögu um sameiningu við annað sveitarfélag skv. 2. mgr. 120. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þá skal sveitarstjórn hafa tvær umræður, með a.m.k. tveggja vikna millibili, um fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins skv. 62. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvæði þetta gildir þó ekki um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlanir.

16. gr.

*Fundarsköp og ritun fundargerða.*

Um ritun fundargerða sveitarstjórnar skal farið eftir leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórna, samanber auglýsingu þess efnis nr. 1181/2022, eða síðari leiðbeiningum sem settar hafa verið samkvæmt 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

Meginreglur fundarskapa skulu vera eftirfarandi:

- a. **Fundarstjórn.** Oddviti stjórnar umræðum á fundum sveitarstjórnar. Hann setur fund, kannar lögmati hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Hann sér um að fundargerðir séu færðar og að allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta. Oddviti sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum sveitarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum samkvæmt samþykkt þessari en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar.
- b. **Vald oddvita.** Skylt er sveitarstjórnarmanni að lúta valdi oddvita í hvívetna varðandi það að gætt sé góðrar reglu. Ef sveitarstjórnarmaður ber aðra menn brigslum eða vikur verulega frá umræðuefninu skal oddviti víta hann. Ef sveitarstjórnarmaður er víttur tvisvar á sama fundi getur oddviti lagt til við sveitarstjórn að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust. Ef sveitarstjórnarmaður hlýðnast ekki úrskurði oddvita eða almenn óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi. Ef áheyrandi á sveitarstjórafundi raskar fundarfriði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir í fundarsal sveitarstjórnar.
- c. **Afgreiðsla mála.** Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem dagskrá kveður á um nema sveitarstjórn eða oddviti ákveði að önnur röð skuli höfð. Oddviti getur ákveðið að tiltekið mál í fundargerð sem er á dagskrá verði gert að sérstökum dagskrárlið á fundinum. Heimilt er að taka mál á dagskrá þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki 2/3 viðstaddra sveitarstjórnarmanna þau afbrigði.
- d. **Málfrelsi framkvæmdastjóra.** Sveitarstjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í sveitarstjórn.
- e. **Málfrelsi.** Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar. Sveitarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að ræða framkvæmdastjóra eða framsögumann svo og sveitarstjórnarmann sem gera vill stutta athugasemd, bera af sér ámæli eða veita andsvar. Ef tveir eða fleiri kveða sér samtímis hljóðs ákveður oddviti í hvaða röð þeir tala. Sveitarstjórnarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.
- f. **Ávarp ræðumanns.** Sveitarstjórnarmaður skal beina máli sínu til oddvita. Sveitarstjórnarmaður skal ávarpa einstaka sveitarstjórnarmenn með fullu nafni. Þegar til umræðu er fundargerð skal ræðumaður taka fram hvaða lið í fundargerð hann óskar að ræða. Ekki má lesa upp prentað mál nema oddviti leyfi.
- g. **Hve oft má tala.** Sveitarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó sveitarstjórnarmanni að taka oftari til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Sveitarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.
- h. **Ræðutími.** Ef oddviti telur umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers sveitarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða að umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver sveitarstjórnarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál meira en svo að hún standi skemur en í eina klukkustund ef einhver sveitarstjórnarfulltrúi kveður sér hljóðs.
- i. **Tillögur og afgreiðsla.** Sveitarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu í samræmi við almennar reglur um fundarsköp. Oddviti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.
- j. **Réttur til bókunar.** Þeir sem hafa rétt til að taka þátt í umræðum í sveitarstjórn eiga rétt á að fá bókaðar í fundargerð stuttar athugasemdir um afstöðu til þeirra mála sem til umræðu eru.

- k. *Atkvæðagreiðsla.* Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundum fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Sveitarstjórnarmaður greiðir atkvæði úr sæti sínu. Oddviti biður þá sveitarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar. Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð. Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur fulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá sveitarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða sveitarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar sveitarstjórnarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða á móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarmaður óskar og sveitarstjórn samþykkir.
- l. *Kosningar.* Kosningar sem fara fram í sveitarstjórn, skv. 43. gr. sveitarstjórnarlaga, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar, sé þess óskað. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

17. gr.

*Hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála.*

Um hæfi sveitarstjórnarmanna, nefndarfulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur, að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ákvæði stjórnsýslulaga, sé ekki öðruvísi ákveðið í sveitarstjórnarlögum. Viðkomandi telst þó aðeins vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að einum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar. Þá verður starfsmaður sveitarfélags ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli máls þykir ekki gefa tilefni til slíks.

Í öðrum tilvikum en skv. 1. mgr. ber sveitarstjórnarmanni, nefndarfulltrúa eða starfsmanni sveitarfélags að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Þessi regla tekur einnig til gerðar samninga fyrir hönd sveitarfélags.

Að öðru leyti vísast til 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

18. gr.

*Varamenn í sveitarstjórn.*

Varamenn í sveitarstjórn taka sæti í þeirri röð sem þeir voru kosnir til sveitarstjórnar.

#### IV. KAFLI

#### **Réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.**

19. gr.

*Skyldur sveitarstjórnarmanna.*

Sveitarstjórnarmanni ber skylda til að taka þátt í öllum sveitarstjórnarfundum og fundum í nefndum og ráðum sem hann hefur verið kjörinn til nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins, sem og til annarra trúnaðarstarfa á vegum sveitarfélagsins. Sá sem verið hefur oddviti heilt kjörtímabil eða lengur eða gegnt ákveðnu starfi innan sveitarstjórnar jafnlangan tíma eða lengur getur skorast undan kosningu til þess starfs jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið með höndum. Ósk um undanþágu skal sett fram áður en kjör í viðkomandi nefnd eða trúnaðarstarf fer fram.

Hverjum sveitarstjórnarmanni er skylt að inna af hendi störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar.

Sveitarstjórnarmenn skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

20. gr.

*Réttur sveitarstjórnarmanna.*

Sveitarstjórnarmenn eru sjálfstæðir í störfum sínum. Þeir eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra mála.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að tekið verði á dagskrá sveitarstjórnarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmuni sveitarfélagsins eða verkefni þess.

Mál sem ekki er tilgreint á boðaðri dagskrá sveitarstjórnarfundar verður þó ekki tekið til afgreiðslu á viðkomandi fundi án samþykkis 2/3 hluta fundarmanna.

Sveitarstjórnarmenn hafa málfrelsi á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í fundarsköpum sveitarstjórnar. Þeir hafa tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar.

Vilji sveitarstjórnarmaður ekki una úrskurði oddvita um stjórn fundar og fundarsköp getur hann skotið úrskurðinum til sveitarstjórnar sem sker úr án umræðna.

21. gr.

*Aðgangur að gögnum.*

Vegna starfa sinna í sveitarstjórn á sérhver sveitarstjórnarmaður rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnsýslu sveitarfélags og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í sveitarstjórn. Beiðni um slíkt skal beint skriflega til skrifstofu sveitarfélagsins. Tiltaka skal í beiðninni hvaða gögnum óskað er eftir og/eða um hvaða málefni þau fjalla. Miða skal við að aðgangur sé veittur innan 5 daga frá móttöku beiðninnar. Ef gögn eru undanþegin upplýsingarétti almennings hefur sveitarstjórnarmaður heimild til að kynna sér þau á skrifstofu sveitarfélagsins en hefur ekki heimild til að taka af þeim afrit eða fara með þau af skrifstofu sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnarmaður skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi sveitarfélagsins og rekstur.

22. gr.

*Síðareglur og góðir starfshættir.*

Sveitarstjórnarmaður skal í störfum sínum fara eftir þeim síðareglum sem sveitarstjórn setur sér, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.

23. gr.

*Lausn frá störfum.*

Telji sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum í sveitarstjórn án óhæfilegs álags, getur hann óskað eftir því við sveitarstjórn að hún:

1. létti af honum störfum eða
2. veiti honum lausn úr sveitarstjórn um tiltekinn fyrirfram ákveðinn tíma eða til loka kjörtímabils.

Þegar sveitarstjórnarmaður flytur úr sveitarfélagi um stundarsakir má sveitarstjórn ákveða, að ósk hans, að hann skuli víkja úr sveitarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í sveitarfélaginu. Slík ákvörðun skal tekin áður en sveitarstjórnarmaður flytur um stundarsakir.

Sé ekki tekin ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein missir sveitarstjórnarmaður kjörgengi við skráningu lögheimilis í öðru sveitarfélagi og getur ekki tekið aftur sæti í sveitarstjórn á kjörtímabilinu taki hann aftur búsetu í sveitarfélaginu.

Missi sveitarstjórnarmaður kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórn. Ef sveitarstjórnarmaður missir fjárforræði skal sveitarstjórn veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

24. gr.

*Boðun varamanna.*

Þegar aðalmaður er vanhæfur til meðferðar máls í sveitarstjórn skal boða varamann hans til meðferðar þess og afgreiðslu. Að afgreiðslu máls lokinni tekur aðalmaður sæti sitt á viðkomandi fundi á ný. Verði innköllun varamanns ekki við komið getur vanhæfur sveitarstjórnarmaður krafist þess að umræðu og afgreiðslu máls verði frestað til næsta fundar. Frestun nær þó ekki fram að ganga ef 2/3 hlutar viðstaddra sveitarstjórnarfulltrúa greiða atkvæði gegn frestun eða ef frestun hefur í för með sér að gengið sé gegn lögbundnum afgreiðslutíma máls.

Þegar aðalmaður getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af heilsufarsástæðum eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum tekur varamaður hans sæti í sveitarstjórn á þeim fundi. Aðalmaður skal tilkynna forföll til fundarboðanda skv. samþykkt þessari, eins fljótt og auðið er og óska eftir því að varamaður verði

boðaður. Forföll samkvæmt þessari málsgrein taka ávallt til viðkomandi fundar í heild, eða til loka fundar sé um það að ræða.

Þegar fyrir sé að aðalmaður í sveitarstjórn mun taka hlé frá störfum vegna atvika sem greinir í 2. mgr. í a.m.k. einn mánuð skal varamaður hans taka sæti í sveitarstjórninni frá og með næsta fundi, enda séu þá ástæður forfalla enn til staðar. Þegar forföllum lýkur tekur aðalmaður sæti sitt að nýju frá og með næsta fundi.

Þegar aðalmaður fellur frá, missir kjörgengi eða fær lausn frá starfi í sveitarstjórn skal varamaður hans taka sæti í sveitarstjórn frá og með næsta fundi.

25. gr.

*Þóknun o.fl.*

Sveitarstjórnarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í sveitarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitarstjórnar skal sveitarstjórnarmaður fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist sveitarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

Sveitarstjórnarmaður má ekki afsala sér greiðslum sem honum eru ákveðnar á grundvelli þessarar greinar.

26. gr.

*Réttindi og skyldur varamanna.*

Ákvæði þessa kafla, um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna, eiga einnig við um varamenn þegar þeir taka sæti í sveitarstjórn.

V. KAFLI

**Fastanefndir, ráð og stjórnir.**

27. gr.

*Kosning í fastanefndir og kjörtímabil.*

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir eftir því sem fyrir er mælt í lögum og samþykkt þessari. Slíkar nefndir teljast fastanefndir sveitarstjórnar.

Kjörtímabil fastanefnda er hið sama og sveitarstjórnar, nema annað leiði af lögum eða samþykkt þessari.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum halda fastanefndir þó umboði sínu þar til nýkjörin sveitarstjórn hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrri sveitarstjórn sætti að afloknum kosningum, sbr. 12. gr. og 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga.

28. gr.

*Kosning og kjörgengi.*

Kosningar í fastanefndir sveitarstjórnar, nefndir fyrir hluta sveitarfélags, nefndir til að fara með einstök verkefni eða málaflokka og aðrar nefndir og stjórnir sem sveitarfélag á aðild að, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað. Framkvæmd kosninga skal þá vera í samræmi við ákvæði 44. og 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef ekki er kosið hlutfallskosningu til nefndar, sbr. 1. mgr. 43. gr., sveitarstjórnarlaga, skal sveitarstjórn gæta þess að fullnægja kröfum um kynjahlutfall skv. 2. tölul. 44. gr. laganna við skipun í viðkomandi nefnd.

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir sem hafa kosningarrétt í sveitarfélaginu, nema annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélags eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá. Sveitarstjórn getur þó ákveðið að víkja frá þessu ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starfið er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum vegna nefndarsetu.

29. gr.

*Erindisbréf.*

Sveitarstjórn staðfestir erindisbréf fyrir nefndir, ráð og stjórnir þar sem kveðið er á um hlutverk, valdsvið og starfshætti þeirra í samræmi við lög, reglugerðir og almennar samþykktir sveitarstjórnar.



30. gr.

*Valdsvið nefnda og framsal sveitarstjórnar til fastanefnda  
á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála.*

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur sveitarstjórn ákveðið í samþykkt þessari eða með sérstökum viðauka við hana, að fela kjörnum nefndum sem taldar eru upp í 40. grein samþykktar þessarar að afgreiða án staðfestingar sveitarstjórnar mál á verksviði þeirra ef:

- a. lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því,
- b. þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun, og
- c. þau víkja ekki frá stefnu sveitarstjórnar í veigamiklum málum.

Þriðjungur fulltrúa í nefnd, ráði eða stjórn sem hefur fengið framselt vald til að fullnaðarafgreiðslu máls, sbr. 1. mgr., getur farið fram á að sveitarstjórn eða viðkomandi nefnd skv. samþykktum þessum, taki ákvörðun í máli.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls sem hefur verið fullnaðarafgreitt á grundvelli 1. eða 2. mgr. til sveitarstjórnar.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar.

Að öðru leyti skal gæta að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

31. gr.

*Afgreiðsla á fundargerðum.*

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna skulu lagðar fyrir sveitarstjórn til kynningar eða afgreiðslu og staðfestingar.

Þær ályktanir eða tillögur í fundargerðum sem þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar eru lagðar fyrir sem sérstök mál og eru afgreidd með formlegum hætti.

Ályktun nefndar sem hefur fjárútlát í för með sér skal lögð fyrir sveitarstjórn eftir því sem fyrir er mælt í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

32. gr.

*Fundir nefnda og ályktunarhæfi.*

Fundir nefnda skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt frá nefndarmanni svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki.

Nefndum er skylt að verða við ósk nefndarmanns um opinn fund, að öllu leyti eða hluta, ef tillaga um slíkt er samþykkt mótatkvæðalaust á næsta nefndarfundi á undan, svo fremi sem lög eða eðli máls hamla því ekki.

Um fundi nefnda, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði III. kafla samþykktar þessarar og sveitarstjórnarlaga eftir því sem við getur átt.

33. gr.

*Fundarstjórn og fundargerðir.*

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Heimilt er að skrá fundargerðir á tölvutæku formi og senda þær til fullgildrar rafrænnar undirritunar. Nefnd getur ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða, nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnar, sbr. 16. gr. samþykktar þessarar.

34. gr.

*Varamenn.*

Varamenn taka sæti í nefndum í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Þegar kosið er til nefndar hlutbundinni listakosningu eða listi hefur verið sjálfkjörinn og aðalmaður í nefnd er forfallaður taka varamenn þess lista sem aðalmaður er kjörinn af sæti í nefnd í þeirri röð sem þeir skipa listann eftir að endurröðun á hann hefur farið fram skv. 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar til sveitarstjórnar leggja í sameiningu fram tillögu að lista við hlutbundna kosningu í nefnd sveitarstjórnar geta þeir komið sér saman um að varamenn á listanum vegna nefndarkosningarinnar, sem eru þar fulltrúar sama flokks eða framboðslista og sá aðalmaður í nefnd sem um ræðir, taki sæti hans í nefndinni í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð

varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna viðkomandi lista í sama flokki eða tilheyri sama framboðslista og aðalmaður tilheyrði þegar kosning í nefnd fór fram taka varamenn af listanum sæti eftir venjulegum reglum.

Yfirlýsingu um samkomulag skv. 3. mgr. skal leggja fram á fyrsta sveitarstjórnarfundum eftir að nefndarkosning fór fram og gildir hún til loka kjörtímabils eða þar til kjörið er í nefnd að nýju.

35. gr.

*Boðun varamanna.*

Um boðun varamanna á nefndarfundum gilda ákvæði 24. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á.

Þegar aðalmaður í nefnd fellur frá, missir kjörgengi, fær lausn frá nefndarstarfi eða forfallast varanlega frá því að sitja í nefnd tekur varamaður hans sæti í nefndinni nema sveitarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju, ella skipar sveitarstjórn nýjan varamann til setu í nefndinni.

36. gr.

*Lausn frá nefndarsetu og endurskipun.*

Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins, sem ekki eru aðal- eða varamenn í sveitarstjórn, er heimilt að segja af sér nefndastörfum hvenær sem er á kjörtímabili. Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við sveitarstjórn að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið og metur hún þá hvort skilyrði til þess séu fyrir hendi.

Sveitarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sem hún kys eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan sveitarstjórnar eða málefnalegar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmáður, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundum nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur sveitarstjórnarmaður krafist þess að nefnd verði endurskipuð telji hann ástæðu til. Sveitarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus að því tilskildu að 2/3 fundarmanna greiði atkvæði með tillögu um höfnun. Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélags skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör þeirra skv. 1. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga nema enginn ágreiningur sé innan sveitarstjórnar um breytingarnar.

Breytingar á nefndaskipan samkvæmt þessari grein skulu fullnægja skilyrðum 2. tölul. 44. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga um kynjahlutföll.

37. gr.

*Áheyrnarfulltrúar.*

Um áheyrnarfulltrúa á fundum nefnda gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra nefndarmenn. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í viðkomandi nefnd.

38. gr.

*Þóknun.*

Sveitarstjórn er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélags hæfilega þóknun fyrir þau störf, samkvæmt mati sveitarstjórnar, í samræmi við reglur sem hún setur.

39. gr.

*Önmur réttindi og skyldur.*

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundum nefndar.

Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélaga eftir því sem við á. Réttindi takmarkast þó eftir eðli máls við það sem fulltrúum er þörf á vegna starfa í viðkomandi nefnd.

40. gr.

*Aðrar nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélag á aðild að.*

Sveitarstjórn kys fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að samkvæmt viðkomandi lögum eða samþykktum. Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar eiga við um slíka fulltrúa eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem nefnd, ráð eða stjórn lögaðila, sem sveitarstjórn kys fulltrúa til skv. 1. mgr., fer með framkvæmd eða ábyrgð á verkefni sem sveitarfélagi væri ekki sjálfu heimilt að sinna, þá er fulltrúi sveitarfélags í viðkomandi nefnd, ráði eða stjórn ekki bundinn af fyrirætlunum sveitarstjórnarinnar um þau

störf. Hið sama á við að því leyti sem það leiðir af lögum sem gilda um rekstur og starfsemi viðkomandi lögaðila.

41. gr.

*Fastanefndir, aðrar nefndir, samstarfsnefndir, stjórnir og ráð sem sveitarfélagið á aðild að.*

**A. Fastanefndir:**

1. *Fræðslunefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer m.a. með verkefni grunnskóla samkvæmt 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og verkefni leikskóla samkvæmt 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.
2. *Umhverfis- og samgöngunefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis í umhverfismálum og um úrbætur og nýframkvæmdir í umferðar- og samgöngumálum. Þá fer nefndin jafnframt með málefni sorphirðu og sorpförgun sbr. lög um um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, með síðari breytingum, og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og hlutverk náttúrunefndarnefndar skv. 14. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.
3. *Íþróttá- æskulýðs- og menningarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis í æskulýðs- og tómstundamálum, þ.m.t. málefni félagsmiðstöðvar, og hafa frumkvæði að tillögugerð á því sviði til sveitarstjórnar. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis í menningarmálum og hafa frumkvæði að tillögugerð á því sviði til sveitarstjórnar. Nefndin fer með skipulagningu á menningarviðburðum á vegum sveitarfélags og í samvinnu við önnur félagasamtök innan sveitarfélagsins.
4. *Yfirkjörstjórn.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 17. gr. kosningalaga nr. 112/2021. Kjörstjórn skiptir með sér verkum og fara með þau verkefni sem þeim eru falin samkvæmt ákvæðum laga um kosningar.
5. *Landbúnaðar- og atvinnumálanefnd.* Þrír fulltrúar og þrír til vara. Nefndin fjallar um og gerir tillögur til sveitarstjórnar um landbúnaðar- og atvinnumál í Flóahreppi.
6. *Framkvæmda- og veitunefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er sveitarstjórn til ráðuneytis við umsjón og rekstur vatnsveitu, ljósleiðara og við ýmsar verklegar framkvæmdir sveitarfélagsins. Nefndin fer með stjórn Vatnsveitu Flóahrepps og Flóaljóss í umboði sveitarstjórnar í samræmi við m.a. lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004, orkulög nr. 58/1967, lög nr. 9/2009 um rekstur fráveitna og lög nr. 81/2003 um fjarskipti.
7. *Ungmennaráð Flóahrepps.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara, skipuð á tveggja ára fresti. Fulltrúar skulu vera á aldrinum 14 – 20 ára með lögheimili í Flóahreppi. Ungmennaráðið er ráðgefandi um málefni sem tengjast ungu fólki á aldrinum 14-20 ára í Flóahreppi. Ráðið skal starfa í nánú samstarfi við íþróttá- æskulýðs- og menningarnefnd Flóahrepps.
8. *Jafnréttisnefnd.* Sveitarstjórn fer með jafnréttismál skv. lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020.
9. *Húsnæðisnefnd.* Sveitarstjórn fer með verkefni húsnæðisnefndar samkvæmt 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
10. *Afréttamálafélag Flóa og Skeiða.* Fjórir fulltrúar og fjórir til vara, samkvæmt samþykkt afréttarmálafélags.

**B. Stjórnir og samstarfsnefndir:**

1. *Héraðsnefnd Árnésinga bs.* Héraðsnefnd Árnésinga starfar samkvæmt sérstökum samningi milli allra sveitarfélaganna í Árnessýslu. Verkefni byggðasamlagsins er að annast yfirstjórn og rekstur eftirfarandi stofnana fyrir hönd sveitarfélaga sem aðilar eru að byggðasamlaginu: Byggðasafn Árnésinga, Listasafn Árnésinga, Héraðsskjalasafn Árnésinga, Tónlistarskóli Árnésinga, Almannavarnir Árnessýslu og Brunavarnir Árnessýslu. Flóahreppur skipar einn aðalmann í fulltrúaráð en kjörgengir eru aðalmenn í sveitarstjórn og framkvæmdastjóri sveitarfélagsins. Einnig skal skipa einn varamann sem tilnefndur skal vera úr hópi aðal- eða varamanna í sveitarstjórn eða framkvæmdastjóri sveitarfélagsins. Þá getur sveitarstjórn skipað að auki einn áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt úr hópi aðalmanna í minnihluta sveitarstjórnar í fulltrúaráðið á meðan íbúafjöldi sveitarfélags er undir 1000.
2. *Umhverfis- og tæknisvið uppsveita bs.* Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur skipa sameiginlega sex manna skipulagsnefnd uppsveita, sbr. auglýsing nr. 35/2022. Flóahreppur tilnefnir einn aðalmann og annan til vara í stjórn byggðasamlagsins. Byggðasamlagið fer með lögbundin verkefni byggingar- og skipulagsfulltrúa skv. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og

- byggingarmál skv. 7. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 ásamt því að standa sameiginlega að hreinsun, verkun og förgun seyru. Byggðasamlagið, án staðfestingar sveitarstjórnar, hefur heimild til fullnaðarafgreiðslu þeirra mála er tilgreind eru í viðauka 1 við auglýsingu nr. 35/2022.
3. *Stjórn umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. (UTU)*. Byggðasamlag Ásahrepps, Bláskógabyggðar, Flóahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps fer með skipulags- og byggingarmál í aðildarsveitarfélögunum, sbr. auglýsing nr. 35/2022 ásamt því að fara með stjórn samstarfsverkefnis um seyrurekstur. Stjórn byggðasamlagsins er skipuð 6 fulltrúum skv. samþykktum byggðasamlagsins. Flóahreppur skipar einn aðalmann og annan til vara í stjórnina.
  4. *Almannavarnanefnd Árnassýslu*. Einn fulltrúi og einn til vara skv. 9. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008 í sameiginlega almannavarnanefnd í Árnassýslu.
  5. *Stjórn Skóla- og velferðarþjónustu Árneshrepps bs.* Flóahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur reka byggðasamlag um sameiginlega skóla- og velferðarþjónustu í aðildarsveitarfélögunum, sbr. auglýsingu nr. 424/2024. Sveitarstjórn Flóahrepps kýs einn fulltrúa og einn til vara til setu í stjórn byggðasamlagsins en kjörgengir til setu í stjórn eru oddvitar, framkvæmdastjórn og staðgenglar þeirra. Byggðasamlagið fer með skipulag og framkvæmd skólaþjónustu fyrir leik- og grunnskóla og velferðarþjónustu sveitarfélaganna skv. IX. kafla laga um grunnskóla nr. 91/2008, VIII. kafla laga um leikskóla nr. 90/2008, laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, barnaverndarlaga nr. 80/2002 og laga um samþættingu þjónustu í þágu barna nr. 86/2021. Byggðasamlagið myndar umdæmi barnaverndarþjónustu skv. 2. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Byggðasamlagið, án staðfestingar sveitarstjórnar, hefur heimild til fullnaðarafgreiðslu þeirra mála er tilgreind eru í viðaukum 1 og 2 með auglýsingu nr. 424/2024.
  6. *Bergrísinn bs.* Sveitarfélagið Ölfus, Hveragerðisbær, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Flóahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing Eystra, Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur mynda sameiginlegt þjónustusvæði á Suðurlandi um þjónustu við fatlað fólk á starfssvæði aðildarsveitarfélaganna í samræmi við lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, með síðari breytingum, sbr. auglýsingu nr. 560/2023. Stjórn byggðasamlagsins skal skipuð fimm aðalfulltrúum og fimm til vara og er hún kjörin á aðalfundi/aukaaðalfundi. Kjörtímabil stjórnar og varafulltrúa í stjórn skal vera tvö ár í senn. Flóahreppur skipar þrjá aðalmenn og þrjá til vara á aðalfund Bergrísans bs.
  7. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Einn fulltrúi og einn til vara, sbr. lög sambandsins.
  8. *Aðalfundur Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)*. Þrjú fulltrúar og þrjú til vara.
  9. *Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands*. Einn fulltrúi og einn til vara.
  10. *Aðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurlands*. Einn fulltrúi og einn til vara.
  11. *Aðalfundur Sveitarfélaga á köldum svæðum*: Einn fulltrúi og einn til vara samkvæmt samþykktum Sveitarfélaga á köldum svæðum.
  12. *Aðalfundur Jöfnunarsjóðs*. Einn fulltrúi og einn til vara.
  13. *Aðalfundur Samtaka Orkusveitarfélaga*. Einn fulltrúi og einn til vara.
  14. *Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga*. Einn fulltrúi og einn til vara.
  15. *Öldungaráð*. Sveitarfélögin Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur skipa í sameiginlegt öldrunarráð. Einn fulltrúi er tilnefndur af hverju samstarfssveitarfélagi og einn til vara.
  16. *Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bs.* Byggðasamlagið starfar skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og fer með þau verkefni sem heilbrigðiseftirliti eru falin í lögnum fyrir hönd Flóahrepps. Þrjú fulltrúar eru skipaðir fyrir hönd sveitarfélagsins á aðalfund byggðasamlagsins og jafnmargir til vara.
  17. *Vatnasvæðanefnd*. Sveitarstjórn skipar einn fulltrúa og annan til vara sem og fulltrúa úr umhverfisnefnd sveitarfélagsins, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 935/2011 um stjórn vatnamála.

18. *Náttúruverndarnefnd*. Umhverfis- og samgöngunefnd fer með málefni Náttúruverndarnefndar skv. 14. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og skal vera sveitarstjórn til ráðgjafar um náttúruverndarmál.
19. *Umdæmisráð barnaverndar*. Sveitarfélögin sem eiga aðild að umdæmisráði Landsbyggða skipa skv. samningi fimm manna valnefnd sem fer með umboð sveitarfélaganna til að skipa fulltrúa í umdæmisráð barnaverndar til fimm ára skv. 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

#### C. Verkefnabundnar nefndir

1. *Stýrihópur um heilsuefandi samfélag í Flóahreppi*: Einn fulltrúi sveitarfélags og einn til vara. Í vinnuhóp sitja að auki fulltrúi grunnskóla, leikskóla, ungmennafélags og fulltrúi íbúa. Verkefni stýrihópsins felast í stefnumótun, forgangsstöðun verkefna, samræmingu og upplýsingamiðlun um ýmsa þætti er varðar heilsuefandi samfélag.
2. *Öryggisnefnd*: Nefndina skipa öryggisráðgjafarmenn Krakkaborgar og Flóaskóla, ritari Flóahrepps og umsjónarmaður fasteigna. Öryggisnefnd tekur m.a. þátt í gerð áhættumats og eftirfylgni þess, sér til þess að viðbragðsáætlun vegna eineltis, ofbeldis kynferðislegrar og kynbundinnar áætlunar sé framfylgt og fylgist með skráningu slysa, óhappa og atvinnusjúkdóma. Nefndin starfar í nánú samráði við sveitarstjóra, skólustjórnendur og húsverði.

42. gr.

#### *Verkefnabundnar nefndir.*

Sveitarstjórn getur skipað nefndir til að vinna að afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnar eða fyrir ef verki nefndarinnar er lokið. Sveitarstjórn getur afturkallað umboð slíkrar nefndar hvenær sem er.

### VI. KAFLI

#### Sveitarstjóri og aðrir starfsmenn sveitarfélaga.

43. gr.

#### *Ráðning sveitarstjóra.*

Sveitarstjórn ræður sveitarstjóra til þess að annast framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og verkefni sveitarfélags. Sveitarstjórn skal gera skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra þar sem starfskjör hans eru ákveðin. Ráðningartími sveitarstjóra skal að jafnaði vera sá sami og kjörtímabil sveitarstjórnar.

44. gr.

#### *Hlutverk oddvita.*

Ef ekki er ráðinn sérstakur sveitarstjóri sveitarfélagsins fer oddviti með daglega stjórn sveitarfélagsins, undirbýr fundi sveitarstjórnar, annast framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og annarra málefna sveitarfélagsins, svo sem bréfaskipti, gjaldheimtu og reikningshald.

Laun oddvita skulu ákveðin sérstaklega af sveitarstjórninni. Skulu launin endurskoðuð reglulega í samræmi við almennar launabreytingar í landinu.

Ef um er að ræða sérstakar, umfangsmiklar og tímabundnar framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins sem oddviti sér um, á hann rétt á sérstakri þóknun fyrir þau störf samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar. Láti oddviti í té húsnæði og aðra aðstöðu vegna skrifstofuhalds og fundarhalda í þágu sveitarfélagsins á hann rétt á sérstakri greiðslu fyrir þá þjónustu.

45. gr.

#### *Hlutverk sveitarstjóra.*

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfsfólks sveitarfélagsins. Hann skal sjá um að stjórnarsýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna.

Sveitarstjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar. Þar hefur hann málfrelsi, tillögurétt og rétt til bókana en ekki atkvæðisrétt nema hann sé jafnframt kjörinn fulltrúi í sveitarstjórninni. Hann hefur jafnframt rétt til setu á fundum nefnda og ráða sem sveitarstjórn skipar.

Sveitarstjóri skal sjá um að fundir sveitarstjórnar og annarra nefnda sveitarstjórnar séu vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst. Hann sér einnig um að ákvarðanir þær sem teknar eru af hálfu sveitarstjórnar og annarra nefnda komist til framkvæmda, hafi sveitarstjórn ekki falið það öðrum.

Sveitarstjóri er prókúruhafi sveitarfélags. Honum er heimilt að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki sveitarstjórnar. Prókúruhafar skulu vera fjár síns ráðandi.

Sveitarstjóri undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og ábyrgðir, svo og önnur skjöl sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnar þarf til. Oddviti er staðgengill sveitarstjóra.

46. gr.

*Ráðning í æðstu stjórnunarstöður.*

Sveitarstjórn ræður í æðstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu Flóahreppi og veitir þeim lausn frá starfi.

47. gr.

*Um ráðningu annarra starfsmanna.*

Forstöðumenn stofnana Flóahrepps ráða starfsmenn sinna stofnana, bæði fasta og lausráðna og veita þeim lausn frá störfum nema vald til þess sé með lögum fengið öðrum aðilum eða á annan hátt mælt fyrir um í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana. Fastar stöður skal að jafnaði auglýstar til umsóknar.

48. gr.

*Framsäl sveitarstjórnar til starfsmanna til fullnaðarafgreiðslu mála.*

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur sveitarstjórn ákveðið í samþykkt þessari eða með sérstökum viðauka við hana, að fela einstaka starfsmönnum sveitarfélagsins fullnaðarafgreiðslu tiltekinna mála á sama hátt og með sömu skilyrðum og nefnd eru í 30. gr. samþykktu þessara.

Starfsmaður sem fengið hefur framselt vald til fullnaðarafgreiðslu getur farið fram á að sveitarstjórn eða viðkomandi nefnd skv. samþykktum þessum, taki ákvörðun í máli.

Sveitarstjórn eða hlutaðeigandi nefnd skal hafa eftirlit með afgreiðslu mála samkvæmt þessari málsgrein og kalla eftir reglulegum skýrslum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli hennar.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls sem hefur verið fullnaðarafgreitt á grundvelli 1. eða 2. mgr. til sveitarstjórnar. Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gæta að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

49. gr.

*Endurupptaka mála.*

Aðili máls á rétt á að mál hans sé tekið til meðferðar á ný eftir fullnaðarafgreiðslu þess hjá sveitarstjórn, nefnd eða embættismanni ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef þvingjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

Beiðni um endurupptöku máls skal beina til sveitarstjórnar og verður að jafnaði að koma fram áður en þrír mánuðir eru liðnir frá því að málsaðila er tilkynnt um afgreiðslu.

Ef endurupptökuskilyrði eru fyrir hendi tekur sveitarstjórn ákvörðun um málsmeðferð.

50. gr.

*Þagnarskylda starfsmanna.*

Starfsmenn sveitarfélagsins Flóahrepps og aðrir sem sveitarfélagið ræður til vinnu við ákveðin verkefni eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

51. gr.

*Um starfskjör og réttindi starfsmanna.*

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins Flóahrepps fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og ákvæðum ráðningarsamninga.

## VII. KAFLI

### Fjármál sveitarfélagsins.

52. gr.

*Fjárstjórnarvald sveitarstjórnar.*

Einvörðungu sveitarstjórn getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. ákvarðanir um eftirtalin atriði séu ekki gerðar beinar undantekningar þar á með lögum:

1. staðfestingu ársreiknings,
2. fjárhagsáætlun næstkomandi árs,
3. fjárhagsáætlun til fjögurra ára,
4. viðauka við fjárhagsáætlanir skv. 2. og 3. tölulið
5. lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins,
6. sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess,
7. álagningu skatta og gjalda,
8. ráðningu eða uppsógn endurskoðanda.

53. gr.

*Afgreiðsla og form fjárhagsáætlunar.*

Sveitarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Sveitarstjóri, leggur samkvæmt 1. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga tillögu um fjárhagsáætlun fyrir sveitarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Sveitarstjórn skal fjalla um hana á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu sveitarstjórnar skal afgreiða tillöguna, þó ekki síðar en 15. desember ár hvert.

Fjárhagsáætlanir skulu gefa glögga mynd af rekstri sveitarfélagsins, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir sveitarfélagsins. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs og stofnana sveitarfélagsins við upphaf áætlunartímabilsins.

Sveitarstjórn skal senda ráðuneytinu fjárhagsáætlun innan fimmtán daga frá afgreiðslu hennar, sbr. 1. mgr. 76. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun.

54. gr.

*Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.*

Ákvörðun sem sveitarstjórn tekur skv. 52. gr. samþykktar þessarar og 62. gr. sveitarstjórnarlaga um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélags á fjárhagsáætlunum.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktri áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar sveitarstjórnar skal þá aflað svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi sveitarstjórnarinnar.

55. gr.

*Fjármálareglur og viðmið um afkomu sveitarfélagsins.*

Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga og ákvæði reglugerðar nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.

56. gr.

*Ábyrg meðferð fjármuna og heimildir til fjárskuldbindinga.*

Sveitarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkistryggð verðbréf.

Um heimildir til fjárfestinga í hagnaðarskyni fer skv. ákvæðum 65. gr. sveitarstjórnarlaga.

Áður en sveitarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins, sbr. ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um heimildir sveitarfélagsins Flóahrepps til veðsetninga og að gangast í ábyrgðir fer skv. 68. og 69. gr. sveitarstjórnarlaga.

57. gr.

*Ársreikningur.*

Gera skal ársreikning fyrir sveitarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal gera samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga, reglum settum samkvæmt þeim lögum og sveitarstjórnarlögum, sem og góðri reikningsskilavenju.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður og samþykktur af framkvæmdastjóra sveitarfélagsins og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert.

Sveitarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings sveitarfélagsins, stofnana og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert.

Ársreikning sveitarfélagsins, ásamt skýrslu endurskoðanda, skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála og Hagstofu Íslands ekki síðar en 20. maí ár hvert.

58. gr.

*Endurskoðun ársreikninga.*

Sveitarstjórn ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem annast skal endurskoðun ársreikninga hjá sveitarfélaginu. Endurskoðun fer eftir lögum um endurskoðendur, lögum um ársreikninga og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, sem og fyrirmælum 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga.

## VII. KAFLI

### **Samvienna við önnur sveitarfélög og samningar um starfrækslu verkefna.**

59. gr.

*Samstarf sveitarfélaga.*

Sveitarstjórn er heimilt að eiga samstarf um starfrækslu verkefna við annað eða önnur sveitarfélög og framsetja vald til töku ákvarðana um rétt og skyldu manna. Fer um slíkt samstarf skv. IX. kafla sveitarstjórnarlaga og þau sérlög sem við eiga.

60. gr.

*Samningar við einkaaðila.*

Sveitarstjórn er heimilt að gera samninga við einkaaðila um framkvæmd á þjónustu og öðrum verkefnum fyrir sveitarfélagið, enda sé áætlað fyrir viðkomandi verkefni í fjárhagsáætlunum sveitarfélagsins, sbr. 100. gr. sveitarstjórnarlaga. Skulu ákvæði stjórnsýslulaga og upplýsingalaga, sem og almennar meginreglur stjórnsýsluréttar, gilda um þá stjórnsýslu sem verktaki tekur að sér að annast.

## VIII. KAFLI

### **Samráð við íbúa – Þátttökulýðræði.**

61. gr.

*Réttur íbúa til áhrifa á stjórn sveitarfélagsins*

Sveitarstjórn skal leitast við að tryggja íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess möguleika til að taka þátt í og hafa áhrif á stjórn sveitarfélagsins og undirbúning stefnumótunar þess.

62. gr.

*Upplýsingar um málefni sveitarfélagsins.*

Sveitarstjórn skal upplýsa íbúa sína um áætlanir sem sveitarfélagið hefur til meðferðar og ákvörðunar og varða þá með almennum hætti. Sama gildir um einstök mál sem hafa verulega þýðingu fyrir sveitarfélagið. Sveitarstjórn skal leitast við að veita íbúum upplýsingar um áhrif slíkra mála og áætlana á þjónustu sveitarfélagsins til skemmri og lengri tíma, fjárhag sveitarfélagsins, umhverfi og markmið sem að er stefnt.

Sveitarstjórn skal leitast við að upplýsa með almennum hætti um þær leiðir og aðferðir sem hún notar til samráðs við íbúa.

Sveitarstjórn skal enn fremur leitast við að íbúar sveitarfélagsins fái með reglulegum hætti upplýsingar um samstarf sem sveitarfélagið hefur við önnur sveitarfélög.

Til að ná ofangreindum markmiðum skal miða við að upplýsingagjöf fari fram á heimasíðu sveitarfélagsins, með útgáfu fréttabréfs, fundum í tengslum við málefni eða með öðrum leiðum sem gagnast til upplýsingargjafar.



63. gr.

*Borgarafundur.*

Sveitarstjórn ákveður hvort haldinn skuli borgarafundur í sveitarfélaginu, sbr. þó 2. mgr.

Ef minnst 10% af þeim sem kosningarétt eiga í sveitarfélaginu óska borgarafundar skal sveitarstjórn verða við því svo fljótt sem unnt er.

Til borgarafundar skal boða með opinberri auglýsingu ekki síðar en 10 dögum fyrir fundardag. Í auglýsingu skulu koma fram fram upplýsingar um form fundar, þar á meðal hvort þátttakendum gefist tækifæri til að taka þátt í umræðum og leggja fram fyrirspurnir og tillögur.

Eigi atkvæðagreiðsla að fara fram á fundi skal það tiltekið í fundarboði ásamt þeirri tillögu sem greiða á atkvæði um.

Ályktanir almennra borgarfunda eru ekki bindandi fyrir sveitarstjórn.

64. gr.

*Íbúáþing.*

Sveitarstjórn getur haldið íbúáþing. Niðurstaða íbúáþinga eru ekki bindandi fyrir sveitarstjórn.

65. gr.

*Íbúakosningar.*

Sveitarstjórn ákveður hvort fram skuli fara almenn atkvæðagreiðsla meðal íbúa sveitarfélagsins, eða hluta íbúa sveitarfélagsins, um einstök málefni þess, sbr. þó 66. gr.

Til atkvæðagreiðslu skv. 1. mgr. skal boða með a.m.k. 36 daga fyrirvara með opinberri auglýsingu. Samhliða skal sveitarstjórn opinberlega kynna þá tillögu sem borin verður undir atkvæði og þær upplýsingar sem kjósendum eru nauðsynlegar til að geta tekið til hennar upplýsta afstöðu.

Rétt til þátttöku í atkvæðagreiðslu skv. 1. mgr. eiga þeir sem kosningarétt eiga í sveitarfélaginu samkvæmt lögum um kosningar.

Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg og atkvæðisréttur jafn.

Atkvæðagreiðsla skv. þessari grein, sem og 66. gr., er ráðgefandi nema sveitarstjórn ákveði að hún skuli binda hendur hennar til loka kjörtímabils. Í auglýsingu skv. 2. mgr. skal koma fram hvort atkvæðagreiðsla sé bindandi. Slíka ákvörðun má binda skilyrði um að tiltekið hlutfall þeirra sem voru á kjörskrá hafi tekið þátt í atkvæðugreiðslu.

66. gr.

*Almenn atkvæðagreiðsla að frumkvæði íbúa.*

Ef 30% þeirra sem kosningarétt eiga í sveitarfélagi óska almennrar atkvæðagreiðslu skv. 108. gr. sveitarstjórnarlaga skal sveitarstjórn verða við því eigi síðar en innan árs frá því að slík ósk berst.

Um framkvæmd undirskriftasöfnunar, hlutverk sveitarstjórna og framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu fer skv. 107. gr. og 108. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

67. gr.

*Gildistaka.*

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Flóahrepps hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps nr. 798/2013, með síðari breytingum.

*Innviðaráðuneytinu, 23. maí 2024.*

F. h. r.

**Guðni Geir Einarsson.**

*Ólöf Sunna Jónsdóttir.*

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Úlfhildur J. Ásdísar Þórarinsdóttir - JAFNT <ulfhildur.j.thorarinsdottir@jafnretti.is>  
**Sent:** miðvikudagur, 19. júní 2024 12:27  
**To:** Jafnrétti - JAFNT  
**Subject:** Ábyrgð og hlutverk sveitarfélaga vegna bils milli fæðingarorlofs og inntöku barna í leikskóla  
**Attachments:** Ábyrgð og hlutverk sveitarfélaga vegna bils milli fæðingarorlofs og inntöku barna í leikskóla.pdf

Til sveitarfélaga

Sjá meðfylgjandi bréf.

Bestu kveðjur frá starfsfólki Jafnréttisstofu

**Jafnréttisstofa**  
**Borgum við Norðurlóð**  
**600 Akureyri**  
**[www.jafnretti.is](http://www.jafnretti.is)**  
**s. 460-6200**





# Jafnréttisstofa

Til sveitarfélaga

Akureyri, 19. júní 2024  
2406023 ÚJÁP

**Efni:** Ábyrgð og hlutverk sveitarfélaga vegna bils milli fæðingarorlofs og inntöku barna í leikskóla.

Jafnréttisstofa vekur athygli á ábyrgð og hlutverki sveitarfélaga til að brúa bilið sem myndast þegar foreldrar hafa fullnýtt fæðingarorlofsrétt sinn og þangað til barn fær dvöl á leikskóla.

Sveitarfélög hafa ríkar skyldur samkvæmt jafnréttislögum og ber meðal annars samkvæmt 13. gr. laga nr. 151/2020 um stjórnslu jafnréttismála að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli kyns og annarra mismununarþátta við ráðstöfun fjármagns og í þjónustu við íbúana með því að vinna að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumótun, áætlanagerð og ákvarðanatöku. Í því felst að tryggja báðum foreldrum möguleika á að annast barn sitt án þess að það leiði til mismununar og hafi í för með sér verulega röskun á atvinnuþátttöku og jafnvægis milli fjölskyldu- og atvinnulífs.

Núverandi aðstæður barnafólks til þess að hafa jafna möguleika til að brúa bilið eru víðast hvar óviðundandi og afleiðingarnar eru miklar til skemmri og lengri tíma. Meðal þeirra eru launatap og tekjumissir sem reynslan og umræðan sýnir að bitnar í meiri mæli á mæðrum en feðrum. Munur á ævitekjum kvenna og karla eykst því meðan ráðstafanir ættu að vinna markvisst gegn þeirri þróun. Auk þess skapar ástandið viðvarandi streitu innan fjölskyldna þar sem mikil óvissa ríkir frá degi til dags, fyrirsjáanleiki er lítill og mikill tími og orka fer í að mæta áskorunum hvers dags eftir því sem efni og aðstæður leyfa, þ.e. án þess að jafnræðis sé gætt. Fjölskyldur þurfa jafnvel að treysta á ættingja (í flestum tilfellum konur) og/eða greiða háar fjárhæðir til þess að tryggja pláss hjá dagforeldrum.

Foreldrar hafa í langan tíma lýst áhyggjum af þessari þróun og Jafnréttisstofa tekur undir þær áhyggjur. Sveitarfélögin eru því hér brýnd til þess að taka skyldur sínar alvarlega. Mikilvægt er að greina stöðuna og gera viðunandi úrbætur til þess að barnafólki sé gert kleift að skipuleggja framtíðina án þess að búa við þá óvissu og streitu sem skapast hefur vegna kerfislægs vanda.

Vandinn sem um ræðir er margbrotinn og tilkominn af ýmsum sögulegum ástæðum auk þess sem staðan er misjöfn eftir sveitarfélögum. Jafnréttisstofa hvetur sveitarfélögin til



## Jafnréttisstofa

að vera vakandi gagnvart stöðu jafnréttismála á hverjum tíma og gæta sérstaklega að mögulegum afleiðingum. Það kann að verða erfitt og dýrt fyrir einstaklinga og samfélagið allt að vinda ofan af neikvæðri þróun.

Á heimasíðu Jafnréttisstofu er að finna upplýsingar og leiðbeiningar varðandi jafnrétti í sveitarfélögum:

<https://www.jafnretti.is/is/samfelag-og-vinumarkadur/sveitastjornarmal/jafnretti-i-sveitarfelogum-1>

F. h. Jafnréttisstofu

Bryndís Elfa Valdemarsdóttir  
Sérfræðingur

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Styrkir Foreldrahúss <styrkja@foreldrahus.is>  
**Sent:** miðvikudagur, 19. júní 2024 14:22  
**To:** Hulda Kristjánsdóttir  
**Subject:** Björgum Foreldrahúsi!

### Flóahreppur

Sæl  
Nú er neyðarástand hjá Foreldrahúsi og ég vona þið takið ykkur tíma til að lesa póstinn okkar.

Kær kveðja,  
Guðrún fyrir hönd Foreldrahúss

[Skoða póst í vafra](#)




---

**Góðan dag,**

**Foreldrahús stendur frammi fyrir grafalvarlegri stöðu.** Áður fyrr fékk starfsemi þess styrk frá stjórnvöldum en þeirri styrkveitingu var hætt og Foreldrahús skilið eftir eitt á báti. Allt þetta gerist á sama tíma og tilkynningum til barnaverndar fjölgar ár frá ári og æ fleiri ungmenni láta lífið vegna vímuefnaneyslu. **Við erum að missa börnin okkar!**

Foreldrahús er eina úrræðið hér á landi sem grípur börn, ungmenni og foreldra þeirra

sem glíma við fjölbættan vanda og koma meðal annars til okkar fyrir áfengis- og vímuefnaráðgjöf, sálfræðiaðstoð og uppeldis- og fjölskylduráðgjöf. Ástæðan fyrir þessari stöðu er óvissa í málaflokknum af hálfu stjórnvalda og því lenda þau börn, sem Foreldrahús hefur áður þjónustað, nú á milli kerfa og í stöðu þar sem enginn grípur þau og fjölskyldur þeirra.



Án aukins fjármagns, og það fljótt, mun Foreldrahús neyðast til að leggja niður starfsemi á næstu mánuðum. Með því tapast sérþekking í þessum málaflokki sem er ekki til annars staðar í kerfinu.

Við biðlum því til þín að hjálpa okkur að bjarga Foreldrahúsi. Við erum innilega þakklát fyrir allan stuðning sem við fáum frá fyrirtækjum, en hægt er að leggja okkur lið með því að smella á hnappinn hér að neðan.

**STYRKJA FORELDRAHÚS**


Stuðningur frá velviljuðum fyrirtækjum og einstaklingum er forsenda þess að við getum haldið starfseminni áfram eins og staðan er í dag.

Kærar þakkir fyrir að standa með okkur. Það skiptir okkur miklu máli.

Með þaráttukveðju,

**Berglind Gunnarsdóttir,**

**framkvæmdastjóri Foreldrahúss**



Foreldrahús

Suðurlandsbraut 50 | 108 Reykjavík

Sími: 511 6160

[foreldrahus@foreldrahus.is](mailto:foreldrahus@foreldrahus.is)

---

[Afskrá mig af þessum póstlista](#)

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Kristján Gestsson - HMS <Kristjan.Gestsson@hms.is>  
**Sent:** föstudagur, 21. júní 2024 12:59  
**To:** Stofnframlag - HMS  
**Cc:** Stofnframlag - HMS  
**Subject:** Opnum fyrir umsóknir um stofnframlög þriðjudaginn 25. júní 2024.

### Fjölgum íbúðum fyrir tekju- og eignalága

Á þriðjudaginn í næstu viku verður auglýst eftir umsóknum í annarri úthlutun fyrir árið 2024 um stofnframlaglög ríkisins til byggingar eða kaupa á almennum íbúðum skv. lögum nr. 52/2016 og reglugerð nr. 183/2020.

Markmið laga um almennar íbúðir er að bæta húsnæðisöryggi þeirra sem eru undir tekju- og eignamörkum við upphaf leigu.

### Mikilvægt að hefja undirbúning fyrir umsóknir

Sótt verður um í nýju stofnframlagakerfi HMS og verður slóð á kerfið send samhliða auglýsingu eftir umsóknum.

#### Um stofnframlagakerfi HMS

Stofnframlagakerfi HMS hefur verið uppfært. Í þessum áfanga var horft til þess að einfalda sjálft umsóknarferlið og auka kröfur til auðkenningar. Önnur útgáfa er áformuð í vor en þá verður m.a. lögð áhersla á yfirsýn lögaðila yfir þær íbúðir sem hann hefur byggt/keypt á grundvelli stofnframlaga auk þess munu sveitarfélög fá aðgang að umsóknum sem varða sitt sveitarfélag.

Innskráning er nú bundin við prókúruhafa lögaðila og aðra einstaklinga sem prókúruhafar hafa veitt heimild til þess að skrá sig inn í stofnframlagakerfið fyrir hönd síns fyrirtækis/félags. Heimildin er veitt með umboðsmannakerfi island.is á Mínar síður á island.is. Prókúruhafi hefur sjálfkrafa aðgang að kerfinu. Hann skráir sig inn með sínum persónulegum rafrænum skilríkjum og smellir á fyrirtækið til að halda áfram inn í kerfið. Vinsamlegast fylgið leiðbeiningum í viðhengi til þess að veita öðrum en prókúruhafa aðgang að stofnframlagakerfi HMS.

Frekari upplýsingar veitir starfsfólk HMS í síma 440-6400 eða í tölvupósti [stofnframlag@hms.is](mailto:stofnframlag@hms.is)

f.h. HMS

Kveðja / Best regards

**Kristján Gestsson**

sérfræðingur  
Stofnframlög



Borgartún 21 | 105 Reykjavík | Sími +354 4406400



## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Daníel Gunnarsson <Daniel@irf.is>  
**Sent:** mánudagur, 24. júní 2024 15:08  
**To:** Sveitarstjóri Flóahrepps  
**Subject:** Sérstök söfnun sveitarfélaga 2023  
**Attachments:** Flóahreppur.pdf

Meðfylgjandi yfirlit sýnir hækkun á endurgjaldi vegna sérstakrar söfnunar sem er afturvirktil til 1. janúar 2023 hjá þínu sveitarfélagi.

Nánari upplýsingar má finna inn á heimasíðu Úrvinnslusjóðs [hér](#).

Greiðslur byggja á upplýsingum skilagreina frá þjónustuaðilum sem sendar eru til Úrvinnslusjóðs og eru gerðar með fyrirvara um síðari leiðréttingar vegna mögulegra villa.

Athugið að ný gjaldskrá mun gilda fyrir 2024. Upplýsingar um gjaldskrá má nálgast [hér](#).

Ef einhverjar frekari spurningar vakna má hafa samband við tengilið Úrvinnslusjóðs:

Daníel Gunnarsson  
Tölvupóstur: [daniel@irf.is](mailto:daniel@irf.is)

Eða beint við sjóðinn:  
Tölvupóstur: [irf@irf.is](mailto:irf@irf.is)  
Sími: 517-4700

Flóahreppur  
Þingborg  
803 Selfoss  
floahreppur@floahreppur.is

**Skilagrein vegna sérstakrar söfnunar umbúða hjá sveitarfélögum.**

Meðfylgjandi er yfirlit yfir greiðslur Úrvinnslusjóðs fyrir sérstaka söfnun umbúða á vegum sveitarfélaga.

*Greitt verður inná bankareikning skv. eftirfarandi upplýsingum:*

Kennitala 600606-1310  
Bankanúmer 0152-26-000780

	Grenndargámar	Heimatunnur	Söfn.stöðvar	Samtals
Pappaumbúðir	-	-	-	<b>259.836</b>
Plastumbúðir	-	-	-	<b>103.877</b>
'erumbúðir	-	-	-	
Málmumbúðir	-	-	-	

**Greitt nú: 363.713 kr**

Athugið að greiðslur eru án VSK

Bókunarupplýsingar Fjársýsla ríkisins			
Viðfang	Tegund	Bt	VÍÐD2
1428711018	55621	2	30
1428711020	55621	2	30
1428711023	55621	2	30
1428711024	55621	2	30

**Greiðslur þessar eru vegna hækkunar gjaldskrár afturvirkkt fyrir árið 2023**

Frekari upplýsingar hjá Úrvinnslusjóði í síma 517-4700

**Afturvirk hækkun gjaldskrár vegna 2023**

	Áður greitt	Hækkun 2023	Alls 2023
Plastumbúðir	1.385.021	103.877	1.488.897
Pappaumbúðir	3.464.482	259.836	3.724.319
Samtals	4.849.503	363.713	5.213.216




## Úthlutun úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla 2024

Alls bárust umsóknir um styrki til 253 verkefna frá 100 umsækjendum upp á rúmlega 200 milljónir króna. Ákveðið var að veita styrki til 250 verkefna og nam heildarfjárhæð styrkloforða rúmlega 71,5 milljónum króna.


Ákveðið var að nýta ekki heimild 5. greinar í reglum um Endurmenntunarsjóð grunnskóla og því voru engin forgangsverkefni auglýst að þessu sinni.

Eftirtaldir aðilar hlutu styrk úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla árið 2024 vegna verkefna sem koma eiga til framkvæmda á skólaárinu 2024-2025.

Umsækjandi	Kennitala	Fjöldi verkefna	Styrkfjárhæð
Skólar alls:		113	32,950,000
Akurskóli	6009052010	2	625,000
Auðarskóli	5106942019	1	350,000
Austurbæjarskóli	5302697609	1	100,000
Álfhólsskóli	6710882989	1	625,000
Álftanesskóli	6710884769	4	575,000
Árbæjarskóli	5302697609	2	600,000
Ártúnsskóli	5302697609	1	50,000
Borgarhólsskóli	6710889649	4	625,000
Breiðagerðisskóli	5901820369	2	350,000
Breiðholtsskóli	5901820449	3	625,000
Brekkubæjarskóli	4101694449	1	600,000
Dalskóli	5302697609	1	100,000
Egilsstaðaskóli	6810885209	2	575,000
Engjaskóli	5302697609	2	450,000
Fellaskóli	5901821179	1	625,000
Flataskóli	5701696109	4	550,000
Flóaskóli	6006061310	2	625,000
Foldaskóli	6708850899	2	475,000
Fossvogsskóli	5901820289	1	625,000
Garðaskóli	5701696109	2	525,000
Grundaskóli	4101694449	1	625,000
Grunnskóli Bolungarvíkur	6710886629	1	600,000



Umsækjandi	Kennitala	Fjöldi verkefna	Styrkfjárhæð
Grunnskóli Borgarfjarðar	5106942289	1	625,000
Grunnskóli Fjallabyggðar	5807060880	1	200,000
Grunnskóli Grundarfjarðar	4401692529	1	200,000
Grunnskóli Seltj-Mýrarh/Valhús	5208043230	4	550,000
Grunnskóli Snæfellsbæjar	5106942449	1	625,000
Grunnskóli Vestmanneyja	6810887339	1	400,000
Grunnskólinn á Hólmavík	6710887789	1	525,000
Grunnskólinn á Þórshöfn	4203691749	1	625,000
Grunnskólinn í Borgarnesi	5106942289	1	75,000
Grunnskólinn í Þorlákshöfn	6810889469	1	200,000
Heiðarskóli Reykjanesbæ	4909992809	1	150,000
Hlíðarskóli	4810872879	2	625,000
Hlíðaskóli	5302697609	1	200,000
Hofsstaðaskóli	6710883799	4	325,000
Holtaskóli	5303840129	2	175,000
Hólabrekkuskóli	5302697609	1	125,000
Hrafnagilsskóli í samvinnu við aðra skóla á svæðinu	4101912029	1	225,000
Húsaskóli	6308911089	2	550,000
Hvaleyrarskóli	5901697579	1	600,000
Hvassaleitisskóli	5901821689	1	625,000
Höfðaskóli	6710888599	1	625,000
Hörðuvallaskóli	4805061030	1	625,000
Hörðuvallaskóli í samstarfi við alla grunnskóla í Kópavogi	4805061030	1	625,000
Ingunnarskóli	5302697609	2	625,000
Ingunnarskóli í samvinnu við Selásskóla	5302697609	1	550,000
Kópavogsskóli	6710883289	3	625,000
Langholtsskóli	5901823709	1	200,000
Langholtsskóli í samvinnu við Álftamýrarskóla	5302697609	1	250,000
Laugarnesskóli	5901823899	1	300,000
Melaskóli	5901824279	3	400,000
Njarðvíkurskóli	6710884689	1	625,000
Norðlingaskóli	5305051380	1	100,000
Patreksskóli	5106942369	1	625,000
Reykhólaskóli	4407872589	1	525,000
Rímaskóli	5302697609	1	75,000



Umsækjandi	Kennitala	Fjöldi verkefna	Styrkfjárhæð
Salaskóli	6706013070	1	625,000
Selásskóli	4506861239	2	550,000
Selásskóli í samstarfi við Vestubæjarskóla og Ingunnarskóla	4506861239	1	625,000
Sjáländsskóli	5701696109	3	625,000
Stapaskóli	4707942169	1	500,000
Suðurlíðarskóli	4401693259	2	550,000
Sunnulækjarskóli	5509042330	3	625,000
Sæmundarskóli	5302697609	1	150,000
Urriðaholtsskóli	5701696109	1	625,000
Vallaskóli	6505982029	1	600,000
Vesturbæjarskóli	5901823389	1	300,000
Víkurskóli	5302697609	2	275,000
Vogaskóli	5901823119	1	625,000
Þelamerkurskóli í samv. við skóla á Eyjafj.svæðinu	5101013830	1	100,000
Ölduselsskóli	5901823469	1	250,000
Öldutúnsskóli	6809872549	1	625,000
<b>Skólaskrifstofur alls:</b>		<b>116</b>	<b>34,950,000</b>
Akraneskaupstaður - Skóla og frístundasvið	4101694449	6	600,000
Akureyrarbær, fræðslu- og lýðheilsusvið	4101696229	3	2,400,000
Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla og Vestur Skaftafellsýslu	6801201370	17	975,000
Fjarðabyggð - fjölskyldusvið	4706982099	3	1,150,000
Fræðslusvið Dalvíkurbyggðar	6205982089	2	625,000
Garðabær - fræðslu -og menningarsvið	5701696109	5	2,400,000
Menntasvið Kópavogsbæjar	7001693759	5	3,400,000
Mosfellsbær - fræðslu og frístundasvið	4702695969	2	1,650,000
Múlaþing	6602201350	6	1,300,000
Reykjanesbær - menntasvið	4707942169	1	2,400,000
Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar	5302697609	48	11,400,000
Skóla - og tómstundasvið Ísafjarðarbæjar	5405962639	1	850,000
Skóla- og velferðarþjónusta Árneshöfða bs.	5709211180	1	300,000
Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar	4909962149	7	3,150,000
Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar f.h. SSH	4909962149	1	500,000
Skólaskrifstofa Hornafjarðar	5901694639	1	200,000
Sveitarfélagið Árborg - fjölskyldusvið	650598-2029	7	1,650,000



Umsækjandi	Kennitala	Fjöldi verkefna	Styrkfjárhæð
Aðrir alls		21	3,650,000
Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	5502780149	1	125,000
Félag íslenskra sérkennara	6706790129	1	150,000
Háskóli Íslands - Menntavísindasvið - Menntamiðja	6001692039	1	1,200,000
Í skýjunum ehf	6104200440	1	125,000
Jákvæður agi á Íslandi	7105180330	1	125,000
Klaudia Migdal	0211893839	1	100,000
Miðstöð skólapróunar við Háskólann á Akureyri	5206871229	10	1,200,000
Rasmus Christiansen	0610894389	1	100,000
Uppbygging sjálfsaga	5104081520	3	125,000
Útilífsborgin -Menningar- og íþróttasvið Reykjavíkurborgar	5302697609	1	400,000
Alls:		250	71,550,000



Samband sunnlenskra kvenna

Engjavegi 44, Selfossi

550269-5709, email: ssk@kvenfelag.is

Selfossi, 18. Júní 2024.

Héraðsnefnd Árneseinga

Helgi Kjartansson formaður

Félagsheimilinu Aratungu

806 Selfossi

## Afrit

Fyrir hönd Sambands sunnlenskra kvenna óska ég hér með eftir fjárstyrk til reksturs sambandsins. SSK eru samtök kvenfélaga í Rangárvalla- og Árnessýslu og eru þau einnig aðili að Kvenfélagasambandi Íslands, sem er málsvari og samstarfsvettfangur kvenna um allt land. 25 kvenfélög eru í SSK og skv. ársskýrslum þeirra eru félagar 870 talsins. Þar af eru 15 kvenfélög starfandi í Árnessýslu með 613 félagi.

Áralöng hefð er fyrir styrk sem þessum frá Héraðsnefndum Árnes- og Rangárvallasýslna. Starfsárið 2023 styrktuð þið okkur um 300.000,- krónur og þökkum við kærlega fyrir veittan stuðning og vona ég að við getum áfram treyst á ykkar stuðning. Hjálagt er nýútkomið Ársrit SSK þar sem lesa má um starfsemi kvenfélaganna og SSK.

Innan kvenfélaganna og SSK er unnin mikil og óeigingjörn sjálfböðavinna sem lýtur að uppbyggingu á heilbrigðis- öldrunar-, fræðslu- og menningarmálum á starfssvæðum félaganna, og þar fyrir utan styrkja kvenfélögin einstaklinga á sínum svæðum sem eiga í erfiðleikum hverskonar. Við erum meðeigendur í Selinu á Selfossi, þar sem við erum með skrifstofu og getum haldið þar minni fundi en við þurfum að sjálfsögðu að greiða rekstrarkostnað með hinum eignaraðilunum í húsinu.

Þátttaka fulltrúa kvenfélaganna í starfsemi Sambands sunnlenskra kvenna er grundvöllur fyrir því að það geti sinnt hlutverki sínu, sem er að sameina krafta aðildarfélaganna til góðra verka, efla tengslanet kvenna og stuðla að fræðslu um mikilvæg málefni á hverjum tíma.

Styrkinn má greiða inn á reikning okkar, kennitalan er 550269-5709 og reikn.nr; 0152-26-159

Með fyrirfram þökk og von um jákvæðar undirtektir,

  
\_\_\_\_\_

Sólveig Þórðardóttir formaður Sambands sunnlenskra kvenna s: 869 6534

Afrit af þessu bréfi ásamt Ársriti SSK fer einnig til sveitarstjóra/bæjarstjóra; Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Grímsnes og Grafningshrepps, Flóahrepps, Sveitarfélagsins Árborgar, Sveitarfélagsins Ölfus, Hveragerðisbæjar, Hrunamannahrepps og Bláskógabyggðar.

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Skipulagsgáttin <noreply@skipulagsgatt.is>  
**Sent:** þriðjudagur, 18. júní 2024 11:59  
**To:** Sveitarstjóri Flóahrepps  
**Subject:** Niðurstöður að loknu kynningarferli á máli nr. 0184/2024 liggja nú fyrir

Ágæti viðtakandi,

Sveitarfélagið Árborg hefur nú lokið fasanum „Lýsing“ í eftirfarandi máli í Skipulagsgátt:

- Aðalskipulag Árborgar 2020-2036 - Breytingar á ASK 2024, nr. 0184/2024 (Breyting á aðalskipulagi)

Úrvinnslu er lokið að afstöðnu kynningarferli og liggja viðbrögð við athugasemdum og umsögnum nú fyrir. [Smelltu hér](#) til að skoða málið nánar.

Vakin er athygli á því að við vinnslu valinna fasa, m.a. að loknu kynningarferli vegna matslýsingar og lýsingar eða vinnslutillögum skipulagsmála er ábyrgðaraðilum máls ekki skylt að bregðast formlega við athugasemdum eða umsögnum.

Fyrirspurnir um málið skulu berast til ábyrgðaraðila þess.

Þetta er sjálfvirk tilkynning til þeirra sem gerðu athugasemd við málið.

Kveðja,

Skipulagsgátt



**Skipulagsgátt**



## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Gunnar Geir Gunnarsson - SGS <gunnar.g.gunnarsson@samgongustofa.is>  
**Sent:** fimmtudagur, 27. júní 2024 10:54  
**To:** Fræðsla og forvarnir  
**Subject:** Umferðarþing 20. september 2024 - Takið daginn frá

### **Samgöngustofa heldur Umferðarþing föstudaginn 20. september 2024 kl. 9-16 í Gamla Bíói, Ingólfsstræti 2a í Reykjavík. Endilega takið daginn frá.**

Að þessu sinni verður þemað samspil ólíkra vegfarendahópa. Munu fulltrúar vegfarendahópa greina frá sínum fararmáta, hvað er gott við hann og hvaða áskorunum þau mæta. Er ætlunin að allir vegfarendahópar geri sér grein fyrir sérstöðu og áskorunum hvers annars og munu þá öll vonandi sýna hvert öðru betri skilning í umferðinni.

Ríkissáttasemjari mun taka þátt í deginum með okkur. Mun hann leggja línurnar fyrir daginn og er ætlunin að nýta hans aðferðarfræði við að ná árangri. Einnig mun hann stýra pallborði í lok þingsins.

Dagskrá, skráning og frekari upplýsingar koma síðar.

**Vinsamlegast áframsendið á alla sem þið teljið að hafi áhuga á að mæta.**


Ur

# Saman í liði

Samspil ólíkra vegfarendahópa

Föstudaginn  
20. september

Taktu daginn frá



Gamla Bíó